

ALLT AÐ 6 MW VIRKJUN Í BRÚARÁ Í BLÁSKÓGABYGGÐ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð virkjun Brúarár allt að 6 MW í Bláskógabyggð kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar byggir á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunna að hafa verulega neikvæð og óafturkræf áhrif á straumendur sem eru á valista og ber að friða og vernda búsvæði þeirra samkvæmt Bernarsamningnum sem Ísland er aðili að. Þá geta framkvæmdirnar haft verulega neikvæð og varanleg áhrif á landslag á lítt snortnu svæði og á útivist þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar í næsta nágrenni við orlofs- og frístundabyggð. Ennfremur kunna framkvæmdirnar að hafa verulega neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins en verndargildi þess er m.a. staðfest í náttúruminjaskrá þar sem framkvæmda- og áhrifasvæði eru hluti svæðis sem einkennist af fjölskrúðugu gróðurfari og fuglalífi. Auk þess falla fossar og votlendi sem verða fyrir raski á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði undir vernd skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.

Einnig vísast til atriða varðandi staðsetningu og álagspól náttúrunnar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar sem tilgreind eru í 3. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.br. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. mars 2008.

22. febrúar 2008

INNGANGUR

Þann 22. október 2007 tilkynnti Eyvindartunga ehf. allt að 6 MW virkjun í Brúará í Bláskógabyggð til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. og lið 3a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bláskógabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, iðnaðarráðuneytis, Landbúnaðarstofnun-veiðimálastjórnar (nú Matvælastofnun), Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Bláskógabyggð með bréfi dags. 28. desember 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 12. nóvember 2007, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 26. nóvember 2007, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 10. febrúar 2008, Landbúnaðarstofnun-veiðimálastjórn með bréfi dags. 8. nóvember 2007, Orkustofnun með bréfi dags. 7. nóvember 2007 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. nóvember 2007. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila í tölvupósti dags. 16. nóvember 2007 og 13. febrúar 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð virkjun í Brúará sé rennslisvirkjun án mögulegrar miðlunar. Þannig sé ekki um að ræða söfnun vatnsforða í uppistöðulón og raforkuframleiðsla muni verða mjög jöfn á ársgrundvelli en taki þó minni háttar breytingum eftir vatnsmagni árinna. Að hámarki muni virkjunin afla 6000 kW og sé virkjað fall um 23 m. Meðalrennsli í Brúará inn í inntakslón sé 32,8 m³/s og líklegt sé að virkjað rennsli verði um 30 m³/sek. Fram kemur að fyrirhuguð sé að stífla Brúará rétt neðan ármóta við Hrutá með um 50 m löngu, 6-8 m háu steinsteyptu yfirfalli í hæð 150 m y.s. en heildarstíflulengdin er áætluð um 170 m. Við stíflun verði til um 12.500 m² lón þegar vatn sé í yfirfallshæð 150 m y.s. og muni um 200 metrar af farvegi Brúará og 50 metrar af farvegi Hrutár fara undir lón.

Fram kemur að frá stíflu verði vatni veitt um tvær 400 m langar, rúmlega tveggja m sverar, niðurgrafnar þrýstipípur til stöðvarhúss sem verði um 160 m² að flatarmáli. Frá stöðvarhúsi sé gert ráð fyrir um 230 m löngum og um 4 m djúpum frárennslisskurði til farvegar Brúará. Fram kemur að fyrirhuguð virkjun verði tengd inn á dreifikerfi RARIK með 33 kV jarðstreng sem lagður verði með frárennslisskurði og landamarkaskurði en síðan um 200 m vegalengd að eldri brú yfir Brúará niður að Laugarvatnsvegi, rúmlega þriggja km vegalengd. Því næst verði strengurinn lagður með veginum til Reykhólts þar sem byggð verði spennistöð. Framkvæmdir við jarðstreng og spennistöð verði á vegum RARIK.

Vegagerð og efnistaka. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að leggja þurfi malarveg frá Efstadal að fyrirhuguðum stíflumannvirkjum og að stöðvarhúsi. Heildarlengd núverandi moldarlóða, sem verði malarbundinn, sé tæplega 3 km auk þess sem leggja þurfi nýjan 670 m langan veg að fyrirhuguðum mannvirkjum. Fram kemur að heildarefnisþörf vegna framkvæmdanna sé áætluð rúmlega 13.000 m³ og sé gert ráð fyrir að mestur hluti efnisins muni koma úr núverandi efnisnámu við frístundabyggð í Efstadal en einnig muni nokkurt efni sem til falli við gerð stöðvarhúss og frárennslisskurðar nýtast.

Áhrif á landslag og sjónræn áhrif. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að sjónræn áhrif verði vegna minnkaðs rennslis í Brúará á um 700 m kafla neðan stíflu en gert er ráð fyrir að lágmarksrennslis verði 1 m³/sek, auk þess sem stífla verði sjáanleg frá efstu sumarhúsum í Brekku. Þá muni fyrirhugað lón ofan stíflu hafa í för með sér breytingar á upplifun ferðafólks af svæðinu við ármót Brúará og Hrutár. Staðsetning stöðvarhúss og frárennslisskurðar geri það að verkum að þessi mannvirki verði ekki sýnileg nema frá takmörkuðu svæði í nágrenni þeirra. Fram kemur að þak stöðvarhúss verði grænlitað og veggir þess timburklæddir í samræmi við útlit orlofshúsa í næsta nágrenni og bakkar frárennslisskurðar verði græddir upp í samráði við gróðurvistfræðing.

Áhrif á vatnafar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gera megi ráð fyrir að grunnvatnsstaða hækki nokkuð við inntakslón en lækki nærri stöðvarhúsi og frárennslisskurði. Þá megi reikna með að einhver leki verði úr lóninu inn í nærliggjandi mýrlendi en vatnið muni skila sér í farveg Brúará neðan stíflu. Fram kemur að samkvæmt aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 sé framkvæmdasvæðið innan grannsvæðis vatnsverndar.

Áhrif á lífríki Brúará. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að leitað hafi verið til Veiðmálastofnunar um fisk- og botndýrarannsóknir vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í áliti Veiðimálastofnunar komi fram að Brúará sé bæði ófrjósöm og köld á framkvæmdasvæðinu. Engar líkur séu á því að lax eða urriði gætu þrífist þar og að botndýrasamfélag sé talið fábrotið. Fram kemur að stofnunin telji að áhrif neðan virkjunar verði líklega lítil á fiskframleiðslu og botndýralíf, þar sem ekki verði um rennslisstýringu að ræða. Þó verði uppeldi bleikju á þeim kafla farvegur neðan stíflu, sem verði að mestu þurr, verulega takmarkað en aðstæður til uppeldis bleikju batni hins vegar í lónsstæði vegna minni straumhraða. Að áliti Veiðimálastofnunar muni farvegur Brúará neðan virkjunar að öðru leyti nýtast áfram til uppeldis og hrygningar bleikju og annarra fiska og ekki sé talið að rekstur fyrirhugaðrar virkjunar hafi áhrif á veiði neðar í Brúará.

Áhrif á gróður. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gróðurfari í fyrirhuguðu lónstæði sé fyrst og fremst birki- og gulvíðikjarr en einnig sé þar talsvert votlendi vaxið víði. Um sé að ræða fjölbreyttan gróður sem vaxi við sérstakar náttúrulegar aðstæður þar sem tvær lindár renni saman í einn farveg. Um 0,7 ha af grónu landi muni hverfa undir vatn í lónstæði. Fram kemur að gróður sé ekki eins fjölbreyttur á svæðum fyrirhugaðs stöðvarhúss og frárennslisskurðar og sé gróðurinn markaður af framræslu en gróðurfari hafi ekki verið rannsakað í vegstæði að virkjuninni. Fram kemur að samtals hafi verið skráðar 96 tegundir háplantna en engin þeirra hafi verið sjaldgæf á landsvísu og engin verið á válista. Fram kemur að fyrirhugað sé að fylla upp í um 570 m af framræsluskurðum nærri framkvæmdasvæðinu og endurheimta þar með votlendi sem samsvari minnst því svæði sem raskast og þar sem grunnvatnsyfirborð lækki nærri stöðvarhúsi og frárennslisskurði. Að öðru leyti verði frágangur vegna rasks af völdum stöðvarhúss og frárennslisskurðar í samráði við gróðurvistfræðing.

Áhrif á fugla. Fram kemur að áhrif framkvæmda á búsvæði fugla séu að mestu bundin við lónstæðið sjálft en þau geti teygt sig víðar t.d. vegna breytinga á grunnvatnsstöðu umhverfis lónið. Fuglalíf kunnir einnig að verða fyrir áhrifum af breyttu gróðurfari við endurheimt votlendis, beitarfriðun virkjunarsvæðisins og

lækkun grunnvatnsstöðu við stöðvarhús og frárennslisskurð. Fram kemur að í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróður og fugla á fyrirhuguðu virkjunarsvæði, frá desember 2006, sem sé fylgiskjal með tilkynningu framkvæmdaraðila segi að alls hafi stofnunin að áliðnum varptíma talið 11 tegundir fugla á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Stofnunin áætlaði að varptegundir gætu verið 15620 talsins á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en af öruggum varpfluglum á rannsóknarsvæðinu sé straumönd ein á valista og sé að mati Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna (Bird Life International) talin í yfirvofandi hættu í Evrópu (VU) vegna hins staðbundna og tiltölulega fáliðaða stofns á Íslandi sem sé eina varpland tegundarinnar í álfunni. Samkvæmt Bernarsamningnum sem Ísland sé aðili að, beri að friða straumendur og vernda búsvæði þeirra sérstaklega. Varpstofninn hér á landi sé gróflega metinn 3000-4000 pör. Fram kemur að búast megi við því að fuglar verði fyrir einhverju ónæði á framkvæmdatíma en ónæði verði lágmarkað með því að stilla framkvæmdum í hóf á varptíma í maí og júní. Gera megi ráð fyrir að endurheimt votlendis komi til með að hafa jákvæð áhrif á fuglalíf. Fram kemur að framkvæmdaraðili hyggist meta betur þéttleika og hreyfingar straumanda ofan og á framkvæmdasvæði Brúarárvirkjunar og ástand stofnsins fyrir og eftir virkjun. Í því skyni verði framkvæmdasvæðið gengið því sem næst vikulega allt frá því að fyrstu fuglarnir komi á ána að vori og þar til kollur með unga verði horfnar að hausti árið 2008. Árið 2009 verði vöktunin með sama sniði en verði síðan endurskoðuð fyrir árið 2010.

Samræmi við skipulagsáætlanir – Leyfi. Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki í samræmi við Aðalskipulag Laugardalshrepps 2000-2012 eða Aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012 og þarf staðfest breyting á skipulagi að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Þá þarf að vinna deiliskipulag af virkjunarsvæðinu. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag sé háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Þá þurfi framkvæmdaraðili virkjanaleyfi frá iðnaðarráðuneyti, skv. 4. gr. laga um raforkulög nr. 65/2003.

Vá og hættur. Fram kemur að meginhætta sem fylgi byggingu vatnsaflsvirkjana innan Suðurlandsskjálftabeltisins sé fólgin í hættu á stíflubroti í jarðskjálfta. Stíflu þurfi því að hanna þannig að hún standist jarðskjálfta en stíflubrot myndi ekki valda hættu fyrir nærliggjandi byggð og eingöngu valda tímabundnu flóði í meginfarvegi árinna. Fram kemur að vegna óvæntra atburða í rekstri virkjunar sé eðlilegt að stöku sinnum komi það fyrir að skyndilega þurfi að hleypa fullu rennsli á árfarveg sem að jafnaði er vatnslítill. Rennslisbreytingar af þessu tagi geti orðið einu sinni til tvisvar á ári við venjulegan rekstur virkjunarinnar og geti skapað hættu fyrir menn og skepnur. Til að tryggja að mönnum og skepnum stafi ekki hætta af rennslisbreytingum í farvegi árinna á 700 m kafla neðan stíflu verði sett upp aðvörunarskilti á viðeigandi stöðum ásamt aðvörunarbúnaði með hljóðmerkjum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Bláskógabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Landbúnaðarstofnunar (nú Matvælastofnunar) og Orkustofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögnum

Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Í umsögn iðnaðarráðuneytisins kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Bláskógabyggðar kemur fram að fyrirhuguð virkjun kalli á breytingar á gildandi skipulagsáætlunum. Sveitarstjórn telji mjög mikilvægt að samþykki og samstaða allra landeigenda sem land eigi að virkjunarsvæðinu liggi fyrir ef af framkvæmdum verði. Ef ekki liggi fyrir slíkt samþykki muni sveitarstjórn Bláskógabyggðar ekki leggja til breytingar á skipulagsáætlunum svæðisins.

Í umsögn iðnaðarráðuneytisins er fjallað um veitingu virkjanaleyfis sem er á hendi ráðuneytisins, skilyrði fyrir veitingu þess og efni leyfisins. Þá kemur fram í umsögninni að í ljósi mögulegra sjónrænna áhrifa og þess að umrædd framkvæmd sé á svæði sem sé á náttúruminjaskrá og að Umhverfisstofnun hefur gert tillögu að verndun nærliggjandi svæða, telji ráðuneytið rétt að mat fari fram á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að afar óljóst sé hvert sé vægi lítt rökstuddrar tillögu iðnaðarráðuneytisins þegar kemur að mati mögulegra sjónlægra áhrifa sem og mati á öðrum umhverfisáhrifum framkvæmdanna samanborið við t.d. vægi umsagnar Umhverfisstofnunar. Iðnaðarráðuneytið tilgreinir t.d. ekki hvaða sértæku aðferðum þurfi að beita til að meta frekar umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Sá hluti umsagnar iðnaðarráðuneytisins sem lúti að orkumálum verði raunar að teljast jákvæður í garð framkvæmdarinnar enda segir að í tilkynningu sé virkjunartilhögun og tengingu virkjunar við dreifikerfi ítarlega lýst. Af því verði að ætla að iðnaðarráðuneytið hafi kynnt sér lýsingu á þessum atriðum og telji hana fullnægjandi, þ.e. geri ekki athugasemdir hana.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að framkvæmdir við virkjun Brúarár eins og þær eru kynntar í greinargerð framkvæmdaraðila muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Hins vegar sé óljóst hvort lagning raflína (jarðstrengs) frá virkjuninni muni hafa áhrif á fornleifar og þarf Fornleifavernd að fá staðsetningu áformaðrar raflínu til skoðunar svo að hægt verði að meta áhrif hennar á fornleifar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þegar hönnun dreifivirkja verði lokið verði stofnuninni send framkvæmdin til umsagnar. Ef fornleifar finnist við framkvæmdir verða þær tilkynntar í samræmi við 13. gr laga nr. 107/2001.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði hugsanlega á lífsskilyrði straumanda vegna breyttra aðstæðna í farvegi Brúarár. Framkvæmdaraðili hafi gert áætlun um vöktun á straumandarstofni árinna fyrir og eftir framkvæmdir. Þá telur Umhverfisstofnun að sjónræn áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verði lítil ef staðið verði að verki eins og lýst er í greinargerð. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að sannreyna að staðið verði að framkvæmdum af því tagi sem hér um ræðir á þann hátt sem lýst er í greinargerð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Verkfræðistofan VST muni sjá um alla hönnun virkjunarinnar sjálfur en hönnun og lagning jarðstrengs frá virkjuninni verði í

höndum dreifiveitunnar RARIK. Mannvirki verði byggð á allan hátt í samræmi við hönnun og muni sérstakur eftirlitsmaður fylgjast með því.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu um 170 m langrar og allt að 8 m hárrar stíflu í Brúará og mun myndast um 12.500 m² lón ofan við stífluna. Frá stíflu verður vatni veitt um tvær 400 m langar, rúmlega tveggja m sverar, niðurgrafnar þrýstipípur að um 160 m² stöðvarhúsi. Þá er gert ráð fyrir um 230 m löngum og 4 m djúpum frárennslisskurði frá stöðvarhúsi að farvegi Brúará um 700 m neðan stíflu auk lagningar tæplega 700 m langs vegar og efnistöku allt að 13.000 m³. Einnig er gert ráð fyrir lagningu 33 kV jarðstrengs frá stöðvarhúsi nokkurra km vegalengd að spennivirki. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

Áhrif á verndargildi svæðis. Í sérfræðiskýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem fylgdi greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Brúará er ein af stærri lindám landsins og að áin og farvegur hennar frá upptökum til ármóta við Hvítá sé að mestu óspilltur og óraskaður. Að mati Náttúrufræðistofnunar hefur Brúará og vatnasvið hennar mikið gildi sem óspillt lindá þrátt fyrir mannvirki sem séu í grenndinni. Þá eru fossar í Hrutá við ármót við Brúará sem munu hverfa undir lónstæðið ef af framkvæmdum verður en fossar njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd sem og votlendi sem mun raskast. Áin og 200 m spilda beggja vegna hennar er á náttúruminjaskrá, m.a. vegna fjölskrúðugs gróðurs og fuglalífs. Jafnframt er Brúará innan grannsvæðis vatnsverndar. Fyrir liggur að farvegur Brúará er sérkennilegur að því leyti að gjá liggur um hann miðjan. Þeir staðhættir eru m.a. á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og á því 700 m svæði þar sem farvegur árinna mun að mestu verða þurr neðan stíflu. Í ljósi ofangreindra atriða telur Skipulagsstofnun að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að rýra verndargildi svæðisins og geti haft verulega neikvæð og varanleg áhrif á gildi svæðisins og sérstöðu þess.

Áhrif á landslag, sjónræn áhrif og útivist. Fyrir liggur að fyrirhugað framkvæmdasvæði ber nokkur merki manlegra athafna, fyrst og fremst vegna framræslu votlendis auk þess sem í nokkurri fjarlægð vestan þess er moldarlóði. Í töluverðri fjarlægð austan og sunnan framkvæmdasvæðisins eru orlofs- og frístundahús. Framkvæmdasvæðið er þó að mestu leyti óraskað og telur Skipulagsstofnun að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins með tilkomu stöðvarhúss, stíflu, lóns og vegar auk rasks vegna frárennslisskurðar og þrýstipípa. Að mati stofnunarinnar er hér bæði um að ræða tímabundin neikvæð áhrif á framkvæmdartíma sem og varanlegri áhrif af stöðvarhúsi, stíflumannvirkjum, lóni og þurrkun farvegs neðan stíflu á um 700 m kafla. Miðað við staðsetningu fyrirhugaðra framkvæmda í lítt snortnu umhverfi telur Skipulagsstofnun að áhrif á landslag og sjónræn áhrif kunni að verða verulega neikvæð og varanleg þó að þau kunni að vera staðbundin. Í því sambandi bendir stofnunin á að í nágrenni eru orlofs- og frístundabyggðir og svæðið mikið notað til útivistar og er vinsælt sem slíkt. Gera má ráð fyrir því að aðdráttarafl svæðisins til útivistar og ferðamennsku felist fyrst og fremst í óraskaðri náttúru. Hugsanlegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir muni

rýra gildi svæðisins til útivistar jafnvel þótt vandað verði til hönnunar mannvirkjanna og þau felld að landi eins og kostur er. Stofnunin telur að leggja verði mun ítarlegra mat á sjónræn áhrif og áhrif á landslag fyrirhugaðrar framkvæmdar, þ.e. af mannvirkjum og þurrkun farvegjar á um 700 m löngum kafla og um leið mat á áhrifum á útivist og ferðamennsku. Þá bendir Skipulagsstofnun á að kanna þarf betur jarðfræðilegar forsendur vegna hugsanlegs leka úr lóninu niður í hraunið og meta umhverfisáhrif þess.

Áhrif á fugla. Fyrir liggur að Náttúrufræðistofnun Íslands gerði fuglaathuganir þann 25. júlí 2006 eða að áliðnum varptíma og höfðu flestar tegundir lokið varpi og sumar voru jafnvel horfnar á braut. Þar af leiðandi var ekki unnt að gera magnbundnar mælingar svo sem á þéttleika einstakra tegunda. Í sérfræðiskýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem fylgdi greinargerð framkvæmdaraðila, kemur fram að af öruggum varpfuglum hafi straumönd verið eina tegundin á válista sem fundist hafi á rannsóknarsvæðinu. Straumönd verpi aðeins á Íslandi, í Evrópu. Að mati Alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna er straumönd talin í yfirvofandi hættu í Evrópu vegna hins staðbundna og faliðaða stofns á Íslandi. Samkvæmt Bernarsamningnum, sem Ísland er aðili að, ber að friða straumendur og vernda búsvæði þeirra sérstaklega. Í sérfræðiskýrslunni kemur fram að stífla í Brúará kunni að hafa mikil og ófyrirsjáanleg áhrif á straumendur bæði á og við Brúará og Hrútá. Það álit Náttúrufræðistofnunar kemur fram að miðað við þann mikla þéttleika straumanda á því litla svæði sem kannað hafi verið sé hugsanlegt að tugir para verpi ofar með ánni svo og við Hrútá og gæti svæðið haft alþjóðlega þýðingu fyrir straumandarstofninn.

Samkvæmt tilkynningu hefur framkvæmdaraðili uppi áform um mat á þéttleika og hreyfingum straumanda auk vöktunar á ástandi straumandarstofnsins með tilkomu fyrirhugaðra framkvæmda. Skipulagsstofnun tekur undir álit Náttúrufræðistofnunar sem sérfræðiaðila á sviði fuglarannsóknna að í ljósi mikilvægis tegundarinnar og með hliðsjón af þeim litla tíma sem gafst til athugana þurfi að kanna mun betur fjölda og dreifingu straumanda ofan við fyrirhuguð mannvirki. Með tilliti til þess að takmarkaðar athuganir liggja fyrir um fuglalíf, þ.á.m. straumönd og með hliðsjón af álit Náttúrufræðistofnunar sem rakið er hér að ofan telur Skipulagsstofnun að fyrirhugaðar framkvæmdir geti haft verulega neikvæð og óafturkræf áhrif á straumendur. Því telur stofnunin að ráðast þurfi í ítarlegri athuganir/rannsóknir á straumöndum við Brúará og Hrútá, búsvæðum þeirra og varpsvæðum áður en hægt er að leggja mat á það með vissu hver áhrif framkvæmdanna verði og unnt sé að gera áætlun um vöktun.

Áhrif á gróður. Fyrir liggur að framkvæmdir eru fyrirhugaðar á skóglendissvæði sem samkvæmt sérfræðiskýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands er hluti af einum lengsta samfellda skógi á landinu, þ.e. hlíðunum við jaðar hálendisins í uppsveitum Árnessýslu. Þá kemur jafnframt fram í skýrslunni að það svæði sem rannsakað hafi verið sé allt vel gróið og gróska sé mikil. Um 0,7 ha af grónu landi fer undir fyrirhugað lónstæði, fyrst og fremst birki- og gulvíðikjarr en einnig talsvert votlendi vaxið víði. Um er að ræða fjölbreyttan gróður sem vex við sérstakar náttúrulegar aðstæður þar sem tvær lindár renna saman í einn farveg. Þá liggur fyrir að gróður muni raskast á votlendi við gerð stöðvarhúss, lagningu þrýstipípa, gerð frárennisskurðar og vegna veglagningar. Samkvæmt 37. grein náttúruverndarlaga

njóta mýrar og flóar sem eru 3 ha eða stærri sérstakrar verndar. Framkvæmdir eru fyrirhugaðar á mýrlendi sem er stærra en viðmiðunarmörk í náttúruverndarlögum en svæðið ber merki framræslu. Framkvæmdaraðili fyrirhugar sem mótvægisáðgerð að endurheimta það votlendi sem raskast með því að fylla upp í framræsluskurði í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Skipulagsstofnun telur að slíkar mótvægisáðgerðir muni að hluta til vega upp neikvæð áhrif á votlendi vegna ýmissa framkvæmdaþátta, s.s. vegna stöðvarhúss, frárennslisskurðar og veglagningar en ljóst er að fyrirhugað lón mun engu að síður hafa talsverð neikvæð áhrif á hinn fjölbreytta kjarrgróður sem þar vex við núverandi aðstæður.

Áhrif á lífríki Brúarár. Fyrir liggur það álit Veiðimálastofnunar sem rannsakaði lífríki Brúarár að áhrif neðan virkjunar verði líklega lítil á fiskframleiðslu og botndýralíf, þar sem ekki verði um rennslisstýringu að ræða. Þó sé ljóst að uppeldi bleikju á þeim kafla farvegjar sem verði að mestu þurr verði verulega takmarkað en aðstæður til uppeldis batni hins vegar í lönsstæði. Í ljósi ofangreinds álits telur Skipulagsstofnun að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki Brúarár séu ekki líkleg til að verða verulega neikvæð.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Eyvindartungu ehf við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Í ljósi þess sem að framan segir er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð virkjun Brúarár allt að 6 MW, í Bláskógabyggð, kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar byggir á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunna að hafa verulega neikvæð og óafturkræf áhrif á straumendur sem eru á valista og ber að friða og vernda búsvæði þeirra samkvæmt Bernarsamningnum sem Ísland er aðili að. Þá geta framkvæmdirnar haft verulega neikvæð og varanleg áhrif á landslag á lítt snortnu svæði og á útivist þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar í næsta nágrenni við orlofs- og frístundabyggð. Ennfremur kunna framkvæmdirnar að hafa verulega neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins en verndargildi þess er m.a. staðfest í náttúruminjaskrá þar sem framkvæmda- og áhrifasvæði eru hluti svæðis sem einkennist af fjölskrúðugu gróðurfari og fuglalífi. Auk þess falla fossar og votlendi sem verða fyrir raski á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði undir vernd skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Þá er ljóst að ekki hefur farið fram mat á áhrifum af lagningu fyrirhugaðs jarðstrengs frá stöðvarhúsi að fyrirhugaðri spennistöð við Reykholt og áfram að núverandi spennistöð að Flúðum.

Einnig vísast til eftirfarandi atriða sem tilgreind eru í 3. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.:

- Staðsetningu framkvæmdar þ.e. hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á m.t.t. iii liðar a liðar 2 tl. viðaukans, þ.e. svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, iii liðar e liðar 2 tl. viðaukans, þ.e. svæði sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem Bernarsamningsins (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu) og ábyrgðartegunda á valista.
- Álagspols náttúrunnar, einkum með tilliti til iv liðar d 2. tl viðaukans þ.e. náttúruverndarsvæða, þar með talið svæða á náttúruminjaskrá og iv liðar e liðar

landslagsheilda og iv lið f liðar 2. tl. viðaukans þ.e. upprunalegs gróðurlendis, svo sem skóglendis

- Eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar m.t.t. iv liðar 3. tl. um óafturkræfni áhrifa og v. liðar 3.tl. um sammögnun ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.br. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. mars 2008.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson